

Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis
við Íþróttasamband fatlaðra
um afmarkaða rekstrarþætti.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneytið, og Íþróttasamband fatlaðra kt. 620579–0259 gera með sér svofelldan samning um ráðstöfun á framlögum ríkisins til Íþróttasambands fatlaðra.

1. Markmið og afmörkun verkefnis

Meginmarkmið með stuðningi ríkisins við Íþróttasamband fatlaðra er að stuðla að því að fatlaðir eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði og tekur mið af gildi íþróttaiðkunar fyrir uppeldis- og forvarnastarf eins og kveðið er á um í íþróttalögum. Íþróttasamband fatlaðra skal efla, samræma og skipuleggja íþróttastarfsemi meðal fatlaðra og koma fram fyrir hönd fatlaðra í erlendum samskiptum og ber m.a. ábyrgð á þátttöku Íslands í Ólympíumóti fatlaðra. Íþróttasamband fatlaðra vinnur að útbreiðslu og fræðslu viðkomandi íþróttagreina meðal fatlaðra á landsvísu. Samningsaðilar taka mið af stefnumótun ráðuneytisins í íþróttamálum á samningstímanum.

2. Forsendur, lagaheimilir og lagaskyldur

- 2.1. Umræddur rekstur í samningi þessum fellur undir stefnu ráðherra í málaflokknum 18.4. íþróttir og æskulýðsmál sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 2.2. Íþróttasamband fatlaðra hafa kynnt sér lög og reglugerðir sem gilda um verkefnið og lofa að starfa samkvæmt þeim. Vakin er sérstök athygli samningshafa á eftirfarandi lagaákvæðum: Íþróttalög nr. 64/1998, lög um ríkisendurskoðun nr. 86/1997, sem fjalla um skyldur og heimild Ríkisendurskoðunar til að endurskoða og hafa eftirlit með samningnum og lög um opinber fjármál, nr. 123/2015.

3. Fjárhagsleg skuldbinding ráðuneytisins

3.1. Heildarskuldbinding

Framlag ráðuneytisins er 37,1 millj. kr. árið 2017.

- 3.2. Ráðuneytið greiðir Íþróttasambandi fatlaðra framlagið inn á bankareikning þeirra hjá viðskiptabanka í tólf jöfnum hlutum og er miðað við að greiða fyrsta dag hvers mánaða enda uppfylli Íþróttasamband fatlaðra öll skilyrði og kröfur sem samningur þessi kveður á um.

4. Ábyrgð

- 4.1. Íþróttasamband fatlaðra sér um og ber ábyrgð á að fjárframlagið sé notað til að efla starfsemi Íþróttasambands fatlaðra. Íþróttasamband fatlaðra tekur að sér að tryggja fullnægjandi starfsemi í sambandi við alla þá þætti sem samningurinn nær til. Jafnframt skuldbindur það sig til að uppfylla öll þau skilyrði og kröfur sem samningurinn fjallar um.
- 4.2. Íþróttasamband fatlaðra skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.

- 4.3. Íþróttasamband fatlaðra ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 4.4. Íþróttasambandi fatlaðra er óheimilt að:
 - 4.4.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - 4.4.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsverð nr. 75/1997.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 5.1. Íþróttasamband fatlaðra skilar ráðuneytinu stefnuskjali til þriggja ára sem ráðuneytið lætur sambandinu í té. Í stefnuskjalið skal rita helstu markmið og aðgerðir og skulu markmið og aðgerðir m.a. taka mið af stefnuskjali ráðherra fyrir málefnasvið 18.4. sem birtist í fjármálastefnu og fjármálaáætlun til næstu fimm ára og greinargerð málefnasviðsins sem birtist í fjárlagafrumvarpi hvers árs.
- 5.2. Íþróttasamband fatlaðra skal skila ráðuneytinu ársáætlun um rekstur og starfsáætlun yfirstandandi árs, þar sem fram komi m.a. hvernig áætlað er að ráðstafa framlaginu og helstu markmið sem unnið er eftir fyrir lok maí. Einnig skilar Íþróttasamband fatlaðra upplýsingum um ný verkefni eða breytingar sem kunna að verða á rekstri sambandsins á næsta starfsári.
- 5.3. Gera skal grein fyrir framlagi ríkisins í ársreikningi Íþróttasambands fatlaðra. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.4. Íþróttasamband fatlaðra skal fyrir lok maí á hverju ári skila inn greinargerð um framkvæmd samningsins og hvernig styrknum var ráðstafað í samanburði við áætlun og skilar ráðuneytinu endurskoðuðum ársreikningi fyrir tvö síðustu ár með skýringum og skal afrit sent Ríkisendurskoðun.
- 5.5. Eigi Íþróttasamband fatlaðra í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þess eða annarra aðila skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

6. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

- 6.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins
- 6.2. Ráðuneytið boðar fulltrúa Íþróttasambands fatlaðra a.m.k. á einn formlegan fund á ári um framkvæmd samningsins.
 - 6.2.1. Gerð er grein fyrir mælikvörðum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar árangri á verkefninu og niðurstöðum slíks mats á liðnum samningsárum.
 - 6.2.2. Fram komi hvernig Íþróttasamband fatlaðra starfaði að markmiðum samningsins sbr. 1. gr. og hvernig það ráðstafaði framlagi skv. 3. gr.
- 6.3. Íþróttasambandi fatlaðra ber að skila ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins og til vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 6.4. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Við eftirlit hefur ráðuneytið aðgang að gögnum, sem máli skipta, hjá Íþróttasambandi fatlaðra sem við koma samningnum.
- 6.5. Íþróttasamband fatlaðra birtir með sýnilegum hætti á vef sínum samning þennan, ársreikning sbr. grein 5.4 og er honum heimilt að birta hann án sundurliðana og greinargerð um framkvæmd samningsins. Gögnin skal birta jafnóðum og þau liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta þau jafnframt á vef sínum.


7. Vanefndir og meðferð ágreinings


- 7.1. Íþróttasamband fatlaðra tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 7.2. Ráðuneytinu er heimilt að fresta, draga úr eða stöðva og endurkrefja greiðslur uppfylli Íþróttasamband fatlaðra ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 7.3. Samningsaðilar skulu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 7.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. Gildistími

- 8.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2017.
- 8.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði eða verkefni samningsins eða samningurinn í heild verði tekin til endurskoðunar séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 8.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 8.4. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili eintaki.

Reykjavík, 24. apríl 2017


F. h. mennta- og menningarmálaráðherra


Þórður Árni Hjaltsted
Íþróttasamband fatlaðra